

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolls af ýmsum efnivörum til brauð-, kex- og/eða sèlgætisgerðar.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fella niður toll af efnivörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

Tollskr.nr.	Vöruheiti
08.04.21	Rúsínur.
08.05.10	Möndlur.
08.05.20	Heslihnetur, hnetukjarnar.
úr 08.13.00	Börkur af sítrusávöxtum.
09.04.00	Pipar og allrahanda.
09.05.00	Vanilla.
úr 09.06.00	Kanill.
09.07.00	Negull.
úr 09.08.00	Múskat.
úr 09.09.00	Anís og kúmen.
09.10.10	Engifer.
11.08.02	Kartöflusterkja.
úr 11.08.09	Önnur sterkja.
15.07.70	Kókósolía.
úr 15.07.90	Blönduð jurtaolía.
15.12.03	Olíur úr jurtaríkinu, ót. a.
19.02.02	Maltextrakt.
úr 19.02.09	Blöndur úr mjöli, sterkju, maltextrakti og fleiri efnum.
úr 19.05.00	„Corn puffs“, „puffed rice“ og „puffed wheat“.
úr 20.04.00	Ávaxtahýði.
úr 20.05.09	Gráfíkjú- og döðlumassi.
20.06.10	Brenndar hnetur, þ. m. t. jarðhnetur.
úr 20.06.20	Gráfíkjú- og döðlumassi.
úr 21.06.01	Pressuger.
21.06.02	Bökunarduft, tilreitt.
úr 21.07.19	Íblöndunarefni í brauð- og kökugerðarefni („bakery additives“, „dough developers“ o. fl.) einkum samsett úr neysluhæfum olíum eða feiti úr dýra- eða jurtaríkinu, eða blöndum af emulgatorum og feiti (mono-, di- eða triglyceríðum) og t. d. mjólkurdufti, eggjadufti, möluðum hnetum, hunangi, sykri, tilbúnum bætiefnum, lesitíni, salti, litarefnum, vatni o. s. frv., enda innihaldi efnið að hámarki 30% af feiti miðað við heildarmagn. Tilreidd plöntueggjahvíta (Hyfoama).
úr 35.03.09	Matarlím (gelatín).

Jafnframt skal við tollafgreiðslu fella niður sérstakt tímabundið vörugjald og/eða jöfnunargjald hvíli gjöld þessi á framangreindum vöruflokkum.

2. gr.

Niðurfelling aðflutningsgjalda skv. 1. gr. er bundin eftirfarandi skilyrðum:

- a) Vörurnar séu í 5 kg ytri umbúðum og stærri.
- b) Innflytjandi leggi stund á brauð-, kex- og/eða sælgætisgerð og lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni að hin innflutta vara verði eingöngu notuð sem efnivara til brauð-, kex- og/eða sælgætisgerðar eða innflytjandi lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu að viðkomandi vörusending sé öll eða að hluta, sem þá skal sérstaklega útreiknað í aðflutningsskýrslu, ætluð nánar tilgreindu framleiðslufyrirtæki og framvísi jafnframt yfirlýsingu frá framleiðanda (framleiðendum) nefndra vara um að viðkomandi vörusending (hluti vörusendingar) sé keypt fyrir hans atbeina eða verði keypt af honum til nefndrar framleiðslu eingöngu.
- c) Tollyfirvaldi er heimill aðgangur að bókhaldsgögnum sé það talið nauðsynlegt til að ganga úr skugga um hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslu, sölu- eða vöru-reikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind.

Ráðuneytið getur að fenginni skriflegri beiðni þar að lútandi heimilað innkaupasamböndum hér umræddra iðnfyrirtækja að tollafgreiða vörur skv. 1. gr. án þess að framvísað sé hverju sinni yfirlýsingu frá framleiðendum skv. b-lið 2. gr.

3. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á tolli eða gjöldum samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar svo og misnotkun ívilnunar sem veitt hefur verið samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar getur m. a. varðað við 63. og 67. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

Um meðferð mála vegna brots á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., 5. gr. laga nr. 33 29. maí 1980 um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald og 4. gr. laga nr. 78 23. desember 1980 um jöfnunargjald til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 577 24. september 1980 um sama efni svo og auglýsing nr. 186 30. mars 1981 um breytingu á henni.

Fjármálaráðuneytið 10. september 1982.

F.h.r.

Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.